

Reglur Glerárskóla um farartæki á hjólum

- Notkun reiðhjóla, rafhlaupahjóla, hlaupahjóla og línuskauta er óheimil á skólalóðinni á skólatíma, frá kl. 08:15–16:00.
- Nemandi sem kemur á farartæki á hjólum í Glerárskóla gerir það á ábyrgð forráðamanna sem skulu meta færni og getu nemandans sem og aðstæður til að koma á slíku tæki í skólann.
- Nemendur geta ekki geymt „farartæki“ sín innan dyra í skólanum.
- Samkvæmt landslögum mega börn yngri en 13 ára ekki stýra rafknúnum smáfarartækjum og öll börn yngri en 16 ára eiga að bera hjálma. Því skulu börn yngri en 13 ára ekki koma á smáfarartækjum eins og rafhlaupahjólum í skólann.
- Þegar komið er á farartæki á hjólum í skólann á að geyma það læst á skólalóðinni í eða við hjólagrindur. Rafknúnum tækjum skal leggja á merktu bílastæði. Skólinn ber enga ábyrgð á farartækjum þessum. Ef þau tynast, skemmast eða er stolið getur viðkomandi kært til lögreglu.
- Ef nemandi notar farartæki á hjólum á skólalóð á skólatíma, á annan hátt en getur um í reglum skólans, mun skólinn hafa samband við forráðamenn og biðja þá að sækja tækið.
- Rafknúin farartæki eru ekki leyfileg á skólalóðinni á skólatíma.

Vert er að taka fram að á hjólabraut norðan við skólann eru tvö tæki sem eingöngu eru ætluð nemendum 10 ára og eldri. Þessi tæki eru merkt með rauðri línu og aldursmörkum. Hjólabrautin er eingöngu ætluð reiðhjólum.